

**VIÐAUKI I**  
**SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Semintra 4 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum  
Semintra 10 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum

## 2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

### Virk innihaldsefni:

Telmisartan 4 mg eða 10 mg

### Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni	Magn innihaldsefna ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir rétta lyfjagjöf dýralyfsins
Benzalkónklóríð	0,1 mg
Hýdroxýetýlsellulósi	-
Natríumhýdroxíð (til að stilla pH)	-
Saltsýra (til að stilla pH)	-
Maltitól	-
Hreinsað vatn	-

Tær, litlaus eða gulleit seigfljótandi lausn.

## 3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 3.1 Markdýrategundir

Kettir.

### 3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til að draga úr próteinmigu í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm hjá köttum.  
Meðferð við háþrýstingi hjá köttum.

### 3.3 Frábendingar

Lyfið má ekki gefa á meðgöngu eða við mjólkurgjöf (sjá kafla 3.7).  
Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

### 3.4 Sérstök varnaðarorð

Öryggi og verkun telmisartans við meðhöndlun háþrýstings yfir 200 mmHg hefur ekki verið rannsakað.

### 3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Öryggi og verkun telmisartans hefur ekki verið rannsakað hjá köttum yngri en 6 mánaða.

Samkvæmt góðu, klínísku verklagi skal fylgjast með blóðþrýstingi katta sem eru á meðferð með dýralyfinu og gangast undir svæfingu.

Vegna verkunarháttar dýralyfsins getur tímabundinn lágþrýstingur komið fyrir.

Veita skal einkennamiðaða meðferð, t.d. vökvagjöf ef klínísk einkenni lágþrýstings koma fram.

Minnka skal skammt telmisartans ef slagbilsþrýstingur er stöðugt lægri en 120 mmHg eða ef það eru einkenni um lágþrýsting samhliða.

Eins og þekkt er hjá lyfjum sem verka á renín-angiótensín-aldósterón kerfið (Renin-Angiotensin-Aldosterone System; (RAAS)), getur smávægileg fækkun rauðra blóðkorna komið fram. Fylgjast skal með fjölda rauðra blóðkorna meðan á meðferð stendur.

Efni sem verka á RAAS geta leitt til lækkunar á gaukulsíunarhraða og verri nýrnastarfsemi hjá köttum með alvarlegan nýrnasjúkdóm. Það er ekki búið að rannsaka öryggi og verkun telmisartans hjá þeim sjúklingum. Þegar þetta lyf er notað hjá köttum með alvarlegan nýrnasjúkdóm er ráðlagt að fylgjast með nýrnastarfsemi (þéttni kreatínins í plasma).

Samkvæmt góðu, klínísku verklagi skal fylgjast reglulega með blóðþrýstingi hjá köttum með háþrýsting.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýralyfið inn fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Forðast skal snertingu lyfsins við augu. Ef snerting fyrir slysi á sér stað skal skola augun með vatni.

Þvo skal hendur eftir notkun.

Þungaðar konur eiga að gæta sérstakrar varúðar til að komast hjá snertingu við lyfið því sýnt hefur verið fram á að lyf sem verka á renín-angiótensín-aldósterón kerfið eins og angiótensín viðtakablokkar og ACE-hemlar geta haft áhrif á ófætt barn í móðurkviði.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir telmisartani eða öðrum sartan lyfjum/ angiótensín viðtakablokkum skulu forðast snertingu við dýralyfið.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

### 3.6 Aukaverkanir

Kettir:

Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):	Einkenni frá meltingarfærum (fæðugúlpun <sup>1</sup> , uppköst <sup>2</sup> , niðurgangur <sup>2</sup> ). Hækkuð nýrnagildi (kreatínin og/eða þvagefni í blóði), langvarandi nýrnabilun.
Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	Hækkun á lifrarensímum <sup>3</sup> . Fækkun rauðra blóðkorna (sjá kafla 3.5).

<sup>1</sup> Væg og slitrótt.

<sup>2</sup> Algengt er að tilkynnt sé um uppköst og niðurgang við gjöf á upphafsskammtinum 2 mg/kg við háþrýstingi. Væg og skammvinn.

<sup>3</sup> Gildin urðu aftur eðlileg innan fárra daga eftir að meðferð var hætt.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrvalda gegnum tilkynningakerfi Lyfjastofnunar. Einnig má finna viðeigandi upplýsingar um tengiliði aftast í fylgiseðlinum.

### 3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins m.t.t. æxlunar, á meðgöngu eða við mjólkurgjöf hjá köttum.

Dýralyfið má ekki gefa á meðgöngu eða við mjólkurgjöf (sjá kafla 3.3).

### 3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar milliverkanir á milli lyfja eru þekktar af fyrirbyggjandi gögnum hjá köttum með langvinnan nýrnasjúkdóm og/eða háþrýsting við notkun telmisartans og annarra lyfja sem lækka blóðþrýsting (eins og amlódípín) eða hafa áhrif á renín-angiótensín-aldósterón kerfið (eins og angiótensín viðtakablokkar og ACE-hemlar). Samhliða gjöf slíkra lyfja gæti leitt til aukinna blóðþrýstingslækkandi áhrifa eða breytinga á nýrnastarfsemi.

Við samhliða meðferð með amlódípíni í ráðlögðum skammti til að draga úr próteinmigu í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm hjá köttum voru engar klínískar vísbendingar um lágþrýsting.

### 3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til inntöku.

Lyfið á að gefa einu sinni á sólarhring til inntöku eitt sér eða með litlu magni af fæðu.

Dýralyfið er mixtúra, lausn og taka flestir kettir hana almennt vel.

Lausnina skal gefa með því að nota mælisprautuna sem fylgir með lyfinu. Sprautan passar á glasið og er með mælikvarða sem sýnir ml.

Eftir gjöf dýralyfsins skal loka glasinu vandlega með tappanum, skola mælisprautuna með vatni og láta hana þorna.

Til þess að forðast mengun, skal nota sprautuna sem fylgir með eingöngu til að gefa dýralyfið.

**Langvinnur nýrnasjúkdómur** – skammtur sem á að gefa einu sinni á sólarhring:

Ráðlagður skammtur er 1 mg af telmisartani/kg af þyngd dýrs.

Skammtur: 1 mg telmisartan/kg líkamsþunga	
Styrkleiki [mg/ml]	Skammtur/kg líkamsþunga [ml]
4	0,25
10	0,1

**Háþrýstingur** – skammtur sem á að gefa einu sinni á sólarhring:

Ráðlagður upphafsskammtur er 2 mg af telmisartani/kg af þyngd dýrs.

Skammtur: 2 mg telmisartan/kg líkamsþunga	
Styrkleiki [mg/ml]	Skammtur/kg líkamsþunga [ml]
4	0,5
10	0,2

Eftir 4 vikur má samkvæmt ákvörðun dýralæknis minnka skammt telmisartans hjá köttum með slagbilsþrýsting sem er lægri en 140 mmHg (í þrepum um 0,5 mg/kg).

Ef slagbilsþrýstingur hækkar í sjúkdómsferlinu má auka dagskammtinn aftur í 2 mg/kg.

Markgildi slagbilsþrýstings er á bilinu 120 til 140 mmHg. Ef slagbilsþrýstingur er lægri en markgildi eða ef það eru einkenni um lágþrýsting samhliða, sjá kafla 3.5.

**Háþrýstingur í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm** – skammtur sem á að gefa einu sinni á sólarhring:

Skammtaáætlun hjá köttum með háþrýsting samhliða langvinnum nýrnasjúkdómi er eins og lýst er hér fyrir ofan fyrir háþrýsting nema að ráðlagður lágmarks virkur skammtur er 1 mg/kg.

### **3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)**

Eftir gjöf allt að 5 mg/kg líkamsþyngdar í 6 mánuði hjá ungum, fullvaxta, heilbrigðum köttum voru aukaverkanir í samræmi við þær sem nefndar eru í kafla 3.6.

Ofskömmun lyfsins (allt að 5 mg/kg líkamsþyngdar í 6 mánuði) olli greinilegri blóðþrýstingslækkun, fækkun rauðra blóðkorna (verkun sem er tilkomin vegna lyfjafræðilegrar verkunar lyfsins) og hækkun þvagefnis í blóði.

Fái dýrið lágþrýsting skal veita meðferð við einkennum, t.d. vökvameðferð.

### **3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun**

Á ekki við.

### **3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu**

Á ekki við.

## **4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **4.1 ATCvet kóði**

QC09CA07

### **4.2 Lyfhrif**

Telmisartan er virkt eftir inntöku og er sértækur angíótensín II viðtakablokki (undirflokkur AT<sub>1</sub>) sem veldur skammtaháðri lækkun meðalblóðþrýstings í slagæðum spendýra, þar á meðal katta. Í klínískri rannsókn sem gerð var á köttum með langvinnan nýrnasjúkdóm sást minnkun á magni próteins í þvagi innan 7 daga frá upphafi meðferðar með 1 mg/kg. Í frekari klínískri rannsókn sem gerð var á köttum með háþrýsting náðist lækkun í meðalslagbilsþrýstingi með skammtinum 2 mg/kg. Vegna samsetningar þessara lyfhrifa er telmisartan viðeigandi meðferð hjá köttum með háþrýsting samhliða langvinnum nýrnasjúkdómi.

Telmisartan skiptir út angíótensín II á bindistað þess á AT<sub>1</sub>-viðtakaundirflokki. Telmisartan binst sértækt við AT<sub>1</sub>-viðtakann og sýnir ekki sækni í aðra viðtaka, þar á meðal AT<sub>2</sub> og aðra minna þekktu AT-viðtaka. Örvun AT<sub>1</sub>-viðtakans er ástæðan fyrir meinafræðilegri verkun angíótensíns II í nýrum og öðrum líffærum sem tengjast angíótensíni II svo sem æðasamdrætti, uppsöfnun natríums og vökvasöfnun, aukinni aldósterónframleiðslu og líffærabreytingum. Áhrifin sem verða við örvun AT<sub>2</sub>-viðtakans svo sem æðavíkkun, aukinn útskilnaður natríums með þvagi og hömlun á óviðeigandi frumuvexti eru ekki bæld niður. Viðtakabindingin er langvarandi vegna þess að telmisartan losnar hægt frá bindistaðnum á AT<sub>1</sub>-viðtakanum. Telmisartan hefur enga örvandi verkun á AT<sub>1</sub>-viðtakann.

Blóðkalíumlækkun kemur fram í tengslum við langvinna nýrnasjúkdóma, en telmisartan hefur engin áhrif á útskilnað kalíums eins og komið hefur fram í klínískum vettvangsrannsóknum á köttum.

### **4.3 Lyfjahvörf**

### Frásög

Eftir að köttum hafa verið gefið til inntöku telmisartan, einkennist plasmabéttni-tímaferill lyfsins af hröðu frásögi þar sem hámarksplasmabéttni ( $C_{max}$ ) næst eftir 0,5 klukkustundir ( $t_{max}$ ). Skammtaháð hækkun sást bæði á  $C_{max}$  og AUC gildum á skammtabilinu 0,5 mg til 3 mg/kg. Samkvæmt AUC hefur inntaka á fæðu ekki áhrif á heildarfrásög telmisartans.

Telmisartan er mjög fitusækið og kemst hratt yfir frumuhimnur sem auðveldar dreifingu þess inn í vefi. Ekki sást marktækur munur á milli kynja.

Engin klínískt mikilvæg uppsöfnun kom fram eftir gjöf endurtekinna skammta einu sinni á sólarhring í 21 dag. Nýting (absolute bioavailability) eftir inntöku var 33%.

### Dreifing

*In vitro* rannsóknir á plasma manna, hunda, músa og rotta sýndu mikla plasmapróteinbindingu (> 99,5%) aðallega við albúmin og  $\alpha$ -1-sýru glýkóprótein.

### Umbrot

Telmisartan umbrotnar með samtengingu upprunalega efnisins við glúkúróníð. Ekki hefur verið sýnt fram á lyfhrif samtengda efnisins. Út frá *in vitro* og *ex vivo* rannsóknum á lifrarnetbólum katta má áætla að samtenging telmisartans við glúkúróníð sé árangursrík í köttum. Samtengingin við glúkúróníð myndar 1 *O*-acylglúkúróníð umbrotsefni telmisartans.

### Brotthvarf

Helmingunartími brotthvarfs ( $t_{1/2}$ ) var á bilinu 7,3 klukkustundir til 8,6 klukkustundir, að meðaltali 7,7 klukkustundir. Eftir inntöku er telmisartan að mestu skilið út með saur, aðallega sem óbreytt virkt efni.

## **5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli**

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### **5.2 Geymsluþol**

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum:

Semintra 4 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum (30 ml eða 100 ml): 3 ár.

Semintra 10 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum (35 ml): 2 ár.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

### **5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu**

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

### **5.4 Gerð og samsetning innri umbúða**

Eitt HDPE glas með:

4 mg/ml: 30 ml eða 100 ml

10 mg/ml: 35 ml

Hvert glas er lokað með LDPE millistykki og innsigliðu barnaöryggisloki.

Pakkingastærð: eitt glas með 30 ml, 35 ml eða 100 ml og ein mælisprauta í pappáöskju.

Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar

## **5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra**

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

## **6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA**

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH

## **7. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/2/12/146/001 - 003

## **8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS**

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 13/02/2013

## **9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTinni Á EIGINLEIKUM LYFS**

{DD/MM/ÁÁÁÁ}

## **10. FLOKKUN DÝRALYFSINS**

Dýrallyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf.

## **VIÐAUKI II**

### **ADRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKADSLEYFIS**

Engin



**VIÐAUKI III**  
**ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL**

## **A. ÁLETRANIR**

## UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

Askja fyrir 30 ml og 100 ml (4 mg/ml) og 35 ml (10 mg/ml)

### 1. HEITI DÝRALYFS

Semintra 4 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum.  
Semintra 10 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum.

### 2. VIRK INNIHALDSEFNI

Telmisartan 4 mg/ml  
Telmisartan 10 mg/ml

### 3. PAKKNINGASTÆRÐ

30 ml  
35 ml  
100 ml  
1 mælisprauta

### 4. MARKDÝRATEGUNDIR

Kettir

### 5. ÁBENDINGAR

### 6. ÍKOMULEIÐIR

Til inntöku.

### 7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

### 8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}  
Rofna pakkningu skal nota innan 6 mánaða.

### 9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

### 10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

**11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“**

Dýralyf.

**12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA**

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH

**14. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/2/12/146/001 (30 ml (4 mg/ml))

EU/2/12/146/002 (100 ml (4 mg/ml))

EU/2/12/146/003 (35 ml (10 mg/ml))

**15. LOTUNÚMER**

Lot {númer}

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM**

Glas með 100 ml (4 mg/ml)

**1. HEITI DÝRALYFS**

Semintra 4 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum

**2. VIRK INNIHALDSEFNI**

Telmisartan 4 mg/ml

**3. MARKDÝRATEGUNDIR**

Kettir

**4. ÍKOMULEIÐIR**

Til inntöku.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

**5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU**

**6. FYRNINGARDAGSETNING**

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota fyrir...

**7. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

**8. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA**

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH

**9. LOTUNÚMER**

Lot {númer}

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM**

Glas með 30 ml (4 mg/ml) og 35 ml (10 mg/ml)

**1. HEITI DÝRALYFS**

Semintra

**2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA**

Telmisartan 4 mg/ml  
Telmisartan 10 mg/ml

**3. LOTUNÚMER**

Lot {númer}

**4. FYRNINGARDAGSETNING**

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}  
Rofna pakkningu skal nota fyrir...

## **B. FYLGISEDILL**

## FYLGISEDILL

### 1. Heiti dýralyfs

Semintra 4 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum  
Semintra 10 mg/ml mixtúra, lausn handa köttum

### 2. Innihaldslýsing

Hver ml inniheldur:  
Telmisartan 4 mg eða 10 mg

Hjálparefni og önnur innihaldsefni	Magn innihaldsefna ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir rétta lyfjagjöf dýralyfsins
Benzalkónklóríð	0,1 mg

Tær, litlaus eða gulleit seigfljótandi lausn.

### 3. Markdýrategundir

Kettir.

### 4. Ábendingar fyrir notkun

Til að draga úr próteinmigu í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm hjá köttum.  
Meðferð við háþrýstingi hjá köttum.

### 5. Frábendingar

Lyfið má ekki gefa á meðgöngu eða við mjólkurgjöf. Sjá kaflann „Meðganga og mjólkurgjöf“.  
Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

### 6. Sérstök varnaðarorð

Öryggi og verkun telmisartans við meðhöndlun háþrýstings yfir 200 mmHg hefur ekki verið rannsakað.

#### Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundum:

Öryggi og verkun telmisartans hefur ekki verið rannsökuð hjá köttum yngri en 6 mánaða.  
Samkvæmt góðu, klínísku verklagi skal fylgjast með blóðþrýstingi katta sem eru á meðferð með dýralyfinu og gangast undir svæfingu.

Vegna verkunarháttar dýralyfsins getur tímabundinn lágþrýstingur komið fyrir. Veita skal einkennamiðaða meðferð, t.d. vökvagjöf ef klínísk einkenni lágþrýstings koma fram. Minnka skal skammt telmisartans ef slagbilsþrýstingur er stöðugt lægri en 120 mmHg eða ef það eru einkenni um lágþrýsting samhliða.

Eins og þekkt er hjá lyfjum sem verka á renín-angiótensín-aldósterón kerfið (Renin-Angiotensin-Aldosterone System; (RAAS)), getur smávægileg fækkun rauðra blóðkorna komið fram. Fylgjast skal með fjölda rauðra blóðkorna meðan á meðferð stendur.



Efni sem verka á renín-angiótensín-aldósterón kerfið (RAAS) geta leitt til lækkunar á gaulksíunarhraða og verri nýrnastarfsemi hjá köttum með alvarlegan nýrnasjúkdóm. Það er ekki búið að rannsaka öryggi og verkun telmisartans hjá slíkum sjúklingum. Þegar þetta lyf er notað hjá köttum með alvarlegan nýrnasjúkdóm er ráðlagt að fylgjast með nýrnastarfsemi (þéttni kreatínins í plasma).

Samkvæmt góðu, klínísku verklagi skal fylgjast reglulega með blóðþrýstingi hjá köttum með háþrýsting.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf tekur dýrallyfið inn fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Forðast skal snertingu lyfsins við augu. Ef snerting fyrir slysi á sér stað skal skola augun með vatni. Þvo skal hendur eftir notkun.

Þungaðar konur eiga að gæta sérstakrar varúðar til að komast hjá snertingu við lyfið því sýnt hefur verið fram á að lyf sem verka á renín-angiótensín-aldósterón kerfið eins og angiótensín viðtakablokkar og ACE-hemlar geta haft áhrif á ófætt barn í móðurkviði.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir telmisartani eða öðrum sartan lyfjum/ angiótensín viðtakablokkum skulu forðast snertingu við dýrallyfið.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýrallyfsins m.t.t. æxlunar, meðgöngu eða mjólkurgjafar hjá köttum.

Dýrallyfið má ekki gefa á meðgöngu eða við mjólkurgjöf. Sjá kaflann „Frábendingar“.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Engar milliverkanir á milli lyfja eru þekktar af fyrirliggjandi gögnum hjá köttum með langvinnan nýrnasjúkdóm og/eða háþrýsting við notkun telmisartans og annarra lyfja sem lækka blóðþrýsting (eins og amlódípín) eða hafa áhrif á renín-angiótensín-aldósterón kerfið (eins og angiótensín viðtakablokkar og ACE-hemlar). Samhliða gjöf slíkra lyfja gæti leitt til aukinna blóðþrýstingslækkandi áhrifa eða breytinga á nýrnastarfsemi.

Við samhliða meðferð með amlódípíni í ráðlögðum skammti til að draga úr próteinmigu í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm hjá köttum voru engar klínískar vísbendingar um lágþrýsting.

Ofskömmtnun:

Eftir gjöf allt að 5 mg/kg líkamspýngdar í 6 mánuði hjá ungum, fullvaxta, heilbrigðum köttum voru aukaverkanir í samræmi við þær sem nefndar eru í kaflanum „Aukaverkanir“.

Ofskömmtnun lyfsins (allt að 5 mg/kg líkamspýngdar í 6 mánuði) olli greinilegri blóðþrýstingslækkun, fækkun rauðra blóðkorna (verkun sem er tilkomin vegna lyfjafræðilegrar verkunar lyfsins) og hækkun þvagefnis í blóði.

Fái dýrið lágþrýsting skal veita meðferð við einkennum, t.d. vökvameðferð.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

## **7. Aukaverkanir**

Kettir:

Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):
---

Einkenni frá meltingarfærum (fæðugúlpun <sup>1</sup> , uppköst <sup>2</sup> , niðurgangur <sup>2</sup> ). Hækkun nýrnagildi (kreatínín og/eða þvagefni í blóði), langvarandi nýrnabilun.
Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):
Hækkun á lifrarenímum <sup>3</sup> . Fækkun rauðra blóðkorna (sjá kaflann „Sérstök varnaðarorð“).

<sup>1</sup> Væg og slitrótt.

<sup>2</sup> Algengt er að tilkynnt sé um uppköst og niðurgang við gjöf á upphafsskammtinum 2 mg/kg við altækum háþrýstingi. Væg og skammvinn.

<sup>3</sup> Gildin urðu aftur eðlileg innan fárra daga eftir að meðferð var hætt.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralýfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi Lyfjastofnunar.

## 8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til inntöku.

Lyfið á að gefa einu sinni á sólarhring til inntöku eitt sér eða með litlu magni af fæðu. Dýralýfið er mixtúra, lausn og taka flestir kettir hana almennt vel.

Lausnina skal gefa með því að nota mælisprautuna sem fylgir með lyfinu. Sprautan passar á glasið og er með mælikvarða sem sýnir ml.

**Langvinnur nýrnasjúkdómur** – skammtur sem á að gefa einu sinni á sólarhring:  
Ráðlagður skammtur er 1 mg af telmisartani/kg af þyngd dýrs.

Skammtur: 1 mg telmisartan/kg líkamsþunga	
Styrkleiki [mg/ml]	Skammtur/kg líkamsþunga [ml]
4	0,25
10	0,1

**Háþrýstingur** – skammtur sem á að gefa einu sinni á sólarhring:  
Ráðlagður upphafsskammtur er 2 mg af telmisartani/kg af þyngd dýrs.

Skammtur: 2 mg telmisartan/kg líkamsþunga	
Styrkleiki [mg/ml]	Skammtur/kg líkamsþunga [ml]
4	0,5
10	0,2

Eftir 4 vikur má samkvæmt ákvörðun dýralæknis minnka skammt telmisartans hjá köttum með slagbilsþrýsting sem er lægri en 140 mmHg (í þrepum um 0,5 mg/kg).

Ef slagbilsþrýstingur hækkar í sjúkdómsferlinu má auka dagskammtinn aftur í 2 mg/kg.

Markgildi slagbilsþrýstings er á bilinu 120 til 140 mmHg. Sjá kaflann „Sérstök varnaðarorð“ ef slagbilsþrýstingur er lægri en markgildi eða ef það eru einkenni um lágþrýsting samhliða.

**Háþrýstingur í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm** – skammtur sem á að gefa einu sinni á sólarhring:

Skammtaáætlun hjá köttum með háþrýsting samhliða langvinnum nýrnasjúkdómi er eins og lýst er hér fyrir ofan fyrir háþrýsting nema að ráðlagður lágmarks virkur skammtur er 1 mg/kg.

## 9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf



Þrýstu tappanum niður og snúðu honum til þess að opna glasið. Festu mælisprautuna á millistykkið á glasinu með því að stinga henni varlega í gatið. Snúðu glasinu/sprautunni á hvolf. Togaðu stimpilinn út þar til endinn á stimplinum staðnæmist á stað sem samsvarar nauðsynlegu magni í ml. Fjarlægðu sprautuna af glasinu.



Þrýstu á stimpilinn til þess að tæma innihald sprautunnar beint í munn kattarins...



...eða í lítið magn af fæðu.

Eftir gjöf dýralyfsins skal loka glasinu vandlega með tappanum...



... skola mælisprautuna með vatni og láta hana þorna.

Til þess að forðast mengun, skal nota sprautuna sem fylgir með eingöngu til að gefa dýralyfið.

## 10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

## 11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og glasinu á eftir Exp. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 6 mánuðir.

## **12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar**

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið. Leitið ráða hjá dýralækni um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

## **13. Flokkun dýralyfsins**

Dýralyfið er ávísunarskylt.

## **14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir**

EU/2/12/146/001 - 003

Pakkningastærðir: eitt plastglas með 30 ml eða 100 ml (4 mg/ml) eða eitt plastglas með 35 ml (10 mg/ml).

1 mælisprauta.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

## **15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins**

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf.

## **16. Tengiliðaupplýsingar**

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt:

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH  
55216 Ingelheim/Rhein  
Þýskaland

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

### **België/Belgique/Belgien**

Boehringer Ingelheim Animal Health Belgium SA  
Tél/Tel: + 32 2 773 34 56

### **Република България**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Tel: +359 2 958 79 98

### **Česká republika**

Boehringer Ingelheim spol. s r.o.  
Tel: +420 234 655 111

### **Lietuva**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Lietuvos filialas  
Tel: +370 5 2595942

### **Luxembourg/Luxemburg**

Boehringer Ingelheim Animal  
Health Belgium SA  
Tél/Tel: + 32 2 773 34 56

### **Magyarország**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & CoKG  
Magyarországi Fióktelep  
Tel: +36 1 299 8900

**Danmark**

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics A/S  
Tlf: + 45 3915 8888

**Deutschland**

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH  
Tel: 0800 290 0 270

**Eesti**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Eesti filiaal  
Tel: +372 612 8000

**Ελλάδα**

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH  
Τηλ: +30 2108906300

**España**

Boehringer Ingelheim Animal Health España,  
S.A.U.  
Tel: +34 93 404 51 00

**France**

Boehringer Ingelheim Animal Health France, SCS  
Tél: +33 4 72 72 30 00

**Hrvatska**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Tel: +385 1 2444 600

**Ireland**

Boehringer Ingelheim Animal Health UK Limited  
Tel: +353 1 291 3985

**Ísland**

Vistor hf.  
Sími: + 354 535 7000

**Italia**

Boehringer Ingelheim Animal Health Italia S.p.A.  
Tel: +39 02 53551

**Κύπρος**

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH  
Τηλ: +30 2108906300

**Latvija**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Latvijas filiāle  
Tel: +371 67 240 011

**Malta**

Boehringer Ingelheim Animal Health UK Limited  
Tel: +44 1344 746957

**Nederland**

Boehringer Ingelheim Animal Health  
Netherlands bv  
Tel: +31 20 799 6950

**Norge**

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics  
A/S  
Tlf: +47 66 85 05 70

**Österreich**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Tel: +43 1 80105-6880

**Polska**

Boehringer Ingelheim Sp. z o.o.  
Tel.: + 48 22 699 0 699

**Portugal**

Boehringer Ingelheim Animal Health Portugal,  
Unipessoal, Lda.  
Tel: +351 21 313 5300

**România**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Viena - Sucursala București  
Tel: +40 21 302 28 00

**Slovenija**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG  
Podružnica Ljubljana  
Tel: +386 1 586 40 00

**Slovenská republika**

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co  
KG, o.z.  
Tel: +421 2 5810 1211

**Suomi/Finland**

Vetcare Oy  
Puh/Tel: + 358 201443360

**Sverige**

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics  
A/S  
Tlf: +46 (0)40-23 34 00

**United Kingdom (Northern Ireland)**

Boehringer Ingelheim Animal Health UK Limited  
Tel: + 44 1344 746957